

Ed.

593. Nefndarálit

[120. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta var upphaflega samið af sérstakri áfengismálanefnd, sem kosin var af Alþingi í maí 1964, en síðar var frumvarpinu breytt og meðal annars aldursmörk lækkuð úr 21 ári í 20 ár til samræmis við aldursmörk kosningarréttar og lög-ræðis. Þá hafa og verið gerðar nokkrar breytingar á frv. við meðferð þess í neðri deild.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt í sinni núverandi mynd, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma frá öðrum.

Alþingi, 29. apríl 1969.

Jón Þorsteinsson,
form., frsm.

Auður Auðuns.

Sveinn Guðmundsson
fundaskr.

Einar Ágústsson.

Pétur Benediktsson.

Björn Fr. Björnsson.

Karl Guðjónsson.